



Smábátatrygging

Skilmáli M-12

Smábátatrygging veitir vernd gegn ýmsum tjónum á smábátum. Tryggingin innifelur einnig ábyrgðartryggingu vegna hugsanlegra skaðabótamála tengda notkun smábáta. Til viðbótar er valkvæð vélatrygging gegn viðbótariðgjaldi. Almenn ákvæði 4. kafla skilmálans gilda um alla þætti trygginganna.

Í skilmálanum merkir hugtakið „félagið“ Vörður tryggingar hf.

Um trygginguna gilda tryggingarskírteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 (hér eftir „vsl.“) Ákvæði í skilmála þessum ganga framur ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

1. Kafli. Húftrygging

1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir bætur vegna altjóns ef:

- báturinn ferst.
- báturinn verður fyrir svo miklum skemmdum, að kostnaður við að bjarga honum og gera við hann nemur hærri fjárhæð en kemur fram á skírteini.
- báturinn týnist eða hverfur og ekki hefur til hans spurst að liðnum þremur mánuðum frá því félaginu var tilkynnt um hvarfið, en við það tímamark sem hér greinir telst tryggingaratburður samkvæmt þessum staflið einnig hafa orðið.

Félagið bætir einnig tjón á bátnum sem stafar á beinan hátt af:

- eldsvoða, sprengingu eða eldingu.
- strandi, árekstri á grunn eða að báturinn sekkur.
- óveðri, jarðskjálfta, snjóflóði og aurskriðum.
- völdum brotsjós, ef ólag riður á bátinn með þeim afleiðingum að báturinn eða hlutar hans brotna.
- ásiglingu á mannvirki eða rekald, þar með talinn ís, eða árekstur við annað fljótandi far, enda sé að minnsta kosti annað farið undir siglingarstjórn.
- því að báturinn losnar frá eða sekkur við höfn eða bauju sem viðurkennd er sem viðlegufæri.
- innbroti, innbrotsþjófnaði eða skemmdarverkum.
- skyndilegri og óvæntri óhappatilviljun við sjósetningu eða upptöku, svo og í flutningi að og frá geymslustað innan sama lögsagnarumdæmis.
- bruna, óveðri, foks, snjóflóði, eldgosi, aurskriðu, innbroti, skemmdarverkum á meðan báturinn er í uppsátri. Með óveðri er átt við að vindhraði mælist 28,5 m/s samkvæmt mælingu Veðurstofu Íslands. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu tryggingarinnar, hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs þar sem tjónsatburðurinn átti sér stað.

Félagið bætir einnig:

- kostnað við björgun sem og eðlilegan kostnað við ráðstafanir til að varna tjóni, sbr. þó ákvæði siglingarlaga nr. 34/1985 um takmörkun ábyrgðar.
- þátttöku í sameiginlegu sjótjóni, skv. VI. kafla siglingalaga nr. 34/1985.

2. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Félagið bætir ekki:

- tjón á vél, drifbúnaði, rafkerfi, staðsetningartækjum, fjarskiptatækjum, radar, fiskileitartækjum, línuvindum og öðrum sambærilegum búnaði nema að tjónið megi rekja beint til atvika sem bótaskyld eru skv. 1. gr.
- tjón á möstrum, seglum eða reiða við skipulagða siglingakeppni.
- skemmdir af völdum ófullnægjandi viðhalds, fúa, þreytu, tæringu, sliti eða sambærilegum orsökum.
- tjón sem rakið verður til hönnunargalla og/eða breytinga, sem gera þarf á bátnum vegna hönnunargalla.
- skemmdir á þeim hlutum bátsins, sem efnisgalli, smiðisgalli eða viðgerðargalli er á.

- f. tjón sem stafar af því að skipið var óhaffært, þegar það lét síðast úr höfn, ófullnægjandi útbúið eða mannað, hafði ekki nauðsynleg skipsskjöl eða var ekki tryggilega hlaðið.
- g. óbeint tjón svo sem aflatjón og kostnað vegna tafa.
- h. kostnað sem fellur til vegna mannahalds, hafnargjalda og eldsneytisnotkunar meðan á viðgerð stendur.
- i. tjón af völdum samsláttar við hafnarmannvirki, annað skip eða báta nema að um sé að ræða beina ásiglingu.
- j. siglingartæki, fjarskiptatæki, handfærarúllur og annan lausan búnað þegar báturinn er uppi á landi sem nemur 30 dögum eða lengri tíma.

3. gr. Ákvörðun bóta

- a. Verði altjón greiðir félagið aldrei hærri bætur en sem nemur raunvirði bátsins. Raunvirði telst vera sú fjárhæð sem þurft hefði til að kaupa bát á því verðlagi sem síðast var á sambærilegum bát á tjónsdegi, miðað við staðgreiðslu. Hámarks bætur geta þó aldrei orðið hærri en sú fjárhæð sem fram kemur á skirteini.
- b. Skemmist báturinn án þess að altjón sé fyrir hendi greiðir félagið kostnað við að gera við bátinn, að svo miklu leyti sem unnt er, eins og hann var fyrir tjónið. Félagið hefur rétt til að greiða annað hvort viðgerðarkostnað eða bætur fyrir áætlaðan viðgerðarkostnað. Lækkun á markaðsverði bátsins, aukaútgjöld vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma eða aukakostnaður vegna sérpantana á varahlutum bætist ekki. Leita skal fyrir fram samþykkis félagsins á viðgerðaraðila. Félaginu er ekki skylt að greiða bætur fyrir viðgerð sem hafin er án samþykkis þess.
- c. Við uppgjör boltjóna á bátum úr trefjagleri eða plastefnum er greiddur viðgerðarkostnaður samkvæmt viðurkenndum aðferðum og teljast það fullnaðarbætur, þó útlitsgalli komi í ljós að viðgerð lokinni.
- d. Við uppgjör tjóna á vélum, tækjum og vélbúnaði, gangskrúfum, öxlum, girum, raftækjum og öðrum sambærilegum búnaði skal aldrei greiða hærri bætur en sem nemur frumverði hlutarins að fádreginni fyrningu miðað við aldur hans. Fyrning er 6% fyrir hvert ár í allt að 12 ár. Annar kostnaður, svo sem vinna, flutningskostnaður eða slippkostnaður bætist ekki.
- e. Engar bætur koma fyrir óviðgerðar skemmdir á bátum ef hann ferst án þess að viðgerð hafi farið fram.
- f. Sé bátur metinn af fjárhæðarnefnd fiskiskipa skal mat fjárhæðarnefndar fiskiskipa ákvarða tryggingarfjárhæð nema um annað sé sérstakleg samið við töku tryggingar.
- g. Þegar félagið hefur greitt bætur fyrir altjón eða einstaka hluti öðlast það rétt tryggðs til þess sem enn kann að vera til af hlutnum sem það hefur bætt. Félagið á rétt á því að fá afhent öll skjöl og sönnunargögn sem varða muni þessa frá tryggðum. Ef bætur eru greiddar fyrir altjón getur félagið krafist afsals fyrir hinu tryggða.

2. Kafli. Ábyrgðatrygging

Hlutverk ábyrgðatryggingarinnar er að greiða tjónþola skaðabætur hafi tryggður bakað sér skaðabótaábyrgð og tjónþoli ekki verið meðsekur eða meðábyrgur. Hlutverk ábyrgðatryggingarinnar er einnig að greiða kostnað sem tryggður verður fyrir ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum. Þar sem skaðabótaábyrgð er oft flókið lögfræðilegt úrlausnarefni ber tryggðum að leita samráðs við félagið um réttarstöðu sína ef hann er krafinn um bætur vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á. Viðurkenning tryggðs á skaðabótaskyldu sinni skuldbindur aðeins hann sjálfan en ekki félagið. Tryggður getur því með slíkri viðurkenningu átt það á hættu að þurfa að greiða sjálfur skaðabætur vegna tjóns sem ábyrgðatryggingin tekur ekki til.

4. gr. Tryggingarfjárhæð

Hámark samanlagðra bóta ábyrgðatryggingarinnar vegna eins tjónsatburðar ákvarðast út frá IX. kafla siglingalaga nr. 34/1985

5. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið bætir:

- a. skaðabótaskyldu eiganda, samkvæmt íslenskum siglingalögum, sem er bein afleiðing tjóns, sem báturinn hefur valdið með siglingu sinni, hvort sem um er að ræða munatjón eða líkamstjón.
- b. kostnað við að fjarlægja flak tjónþola.

6. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Félagið bætir ekki:

- a. skaðabótakröfu frá starfsmönnum eiganda eða útgerðarmanns hins tryggða báts. Sama gildir um skaðabótakröfu frá eigendum afla eða annars, sem báturinn flytur.
- b. skemmdir á munum sem tryggður hefur að láni, á leigu, til geymslu, sölu, flutnings eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans, þar á meðal munir, sem tryggður hefur tekið í heimildarleysi.
- c. sektir og önnur refsilög.
- d. óbeint tjón, svo sem aflatjón og kostnað vegna tafa.

7. gr. Bátar sama eiganda

Ef sú staða kemur upp að tryggður bátur rekst á annan bát, er bjargað eða fær aðstoð frá öðrum báti er félagið þá greiðsluskýlt, þótt sá bátur sé eign tryggs eða báðir bátar lúti sömu útgerðarstjórn. Þegar svo stendur á, skulu tryggður og félagið fela einum gerðarmanni að ákveða um sök, björgunarlaun eða þóknun fyrir aðstoð. Ef aðilar koma sér ekki saman um gerðarmann, skal þess óskað að dómstjórinn í Reykjavík tilnefni hann. Gerðinni verður ekki skotið til dómstóla.

8. gr. Tryggingartímabil

Ábyrgðartrygging tekur til atvika sem eiga sér stað á tryggingartímanum jafnvel þótt afleiðingar þess komi ekki fram fyrir en síðar. Tryggingin tekur á hinn bóginn ekki til atvika sem eiga sér stað áður en tryggingin er tekin.

9. gr. Meðhöndlun skaðabótakröfu

Sé gerð skaðabótakrafa á hendur hinum tryggða hefur félagið fyrirsvar vegna þeirrar kröfu og eru heimilar hvers kyns ráðstafanir til þess að meðhöndla kröfuna svo sem viðurkenning á bótaskyldu, verjast kröfunni eða gera um hana samkomulag enda eru þessar ráðstafanir á kostnað félagsins svo og málskostnaður vegna þeirra.

Félagið er ekki bundið af því ef tryggður greiðir eða viðurkennir skaðabótakröfu nema leitt sé í ljós að tryggður gerði aðeins það sem honum var skylt að lögum er hann greiddi kröfuna eða viðurkenndi réttmæti kröfunnar

3. Kafli. Vélatrygging (valkvæð)

Tryggingin er innifalin ef hún er tilgreind á skirteini.

10. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið bætir tjón á aðalvél bátsins sem er yngri en 12 ára við gildistöku tryggingar eða við endurnýjun hennar, vegna bilunar eða mistaka við notkun. Með bilun er átt við skyndilegar og ófyrirsjáanlegar skemmdir sem stöðva gang vélarinnar. Með bilun er átt við að ekki er unnt að gangsetja eða ræsa vélina þannig að nauðsynlegt reynist að gera við hana.

11. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Félagið bætir ekki:

- tjón vegna hvers konar galla sem voru fyrir hendi við gildistöku tryggingarinnar og tryggingartaka, hinum tryggða, eða eiganda, var kunnugt um eða mátti vera kunnugt um.
- tjón sem takmarkast við hluta vélarinnar sem skipta þarf um reglulega við eðlilega notkun, þ.m.t. spissa, síur og eldsneytislagnir.
- tjón vegna ófullnægjandi viðhalds.
- tjón vegna rýrnunar, hægfara eyðingar, tæringar, slits, ryðs eða annarra umhverfisáhrifa sem gerast á lengri tíma.
- flutnings- og slippkostnað.
- tjón sem verður við flutning, viðgerð eða þegar tryggð vél er af öðrum ástæðum utan bátsins.
- tjón sem verður vegna þess að meira er lagt á vélina en hún þolir eða er ekki notuð eins og til er ætlast eða gerð leyfir.
- tjón vegna breytinga sem eru gerðar á vélinni og eru ekki í samræmi við fyrirmæli framleiðanda svo og notkun varahluta sem ekki eru viðurkenndir af honum.
- tjón sem verða vegna þess að báturinn er útbúinn svokölluðu blautpústi, það er útblástur vélarinnar er tengdur sjókælingu.
- óbeint tjón svo sem aflatjón og kostnað vegna tafa.

12. gr. Ákvörðun bóta

Við uppgjör tjóna á vélum, tækjum og vélbúnaði, gangskrúfum, öxlum, girum, raftækjum og öðrum sambærilegum búnaði skal aldrei greiða hærri bætur en sem nemur frumverði hlutarins að fádreginni fyrningu miðað við aldur hans. Fyrning er 6% fyrir hvert ár í allt að 12 ár.

4. Kafli. Almenn ákvæði

13. gr. Hver er tryggður?

Eigandi báts sem tiltekinn er á tryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

14. gr. Hvað er tryggt?

- Bátur sem tilgreindur er í skírteininu, fylgifé hans, vistir og birgðir, sem eðlilegar mega teljast. Til báts og fylgifjár teljast vélar bátsins, gangskrúfa og aðrar skrúfur, ásamt öxlum og girum, vindum, rafkerfi, fiskleitartæki, dýptarmælir, ratsjá, leiðsögutæki, fjarskiptabúnaður, handfærarúllur, hvers kyns vindubúnaður, flotgallar, björgunarbátur ásamt nauðsynlegum búnaði og varahlutum, enda séu þessir munir um borð í bátnum.
- Undir trygginguna falla ekki fiskkassar, afli og veiðarfæri, þ.á.m. varpa ásamt hlerum og vírum, nætur, nemar og sendar festir við veiðarfæri, net, línur, færi, hugbúnaður, fiskikör, umbúðir, pakkningar, belgir, baujur og bólfæri, undanþága þessi nær einnig til farangurs skipverja.

15. gr. Landfræðileg mörk tryggingarinnar

Tryggingin gildir innan fiskveiðilandhelgi Íslands.

16. gr. Breyting á notkun

- Þessi trygging tekur ekki til báts sem er leigður, hvort sem um er að ræða tímabundin leigusamning eða leigusamning til tiltekinna ferðar, nema slíkt sé samþykkt af félaginu og áritað á skírteini.
- Þessi trygging tekur ekki til báts sem er notaður til farþega- eða farmflutninga nema slíkt sé samþykkt af félaginu og áritað á skírteini.

17. gr. Varúðarreglur

- Bátar sem eru 6 metrar eða lengri skulu fullnægja reglum Siglingastofnunar Íslands hverju sinni og hafa ávallt gilt haffærisskírteini þegar látið er úr höfn.
- Þegar bátur er geymdur í höfn eða í lægi skal vera tryggilega gengið frá öllum festingum. Sama gildir sé bátur geymdur á landi. Tryggður skal sjá til þess að reglulegt eftirlit sé með bátnum.
- Bátnum skal læst tryggilega þegar frá honum er gengið.
- Aðalvél á að vera vatnskæld og við vélina skal vera tengdur viðvörunarbúnaður sem gefur viðvörun vegna óeðlilegs vinnuhita vélar, breytingar á smurþrýstingi vélar, vatns í vélarrúmi eða elds í vélarrúmi ef bátur er 8 metrar eða lengri.
- Bátnum skal haldið við með fullnægjandi og eðlilegum hætti og útbúinn í samræmi við notkun hans. Jafnframt skal tryggður, eða menn sem hann ber ábyrgð á, fara eftir lögum og reglum sem settar eru til að tryggja öryggi.
- Tryggður skal sjá til þess að starfsmenn séu ekki undir áhrifum áfengis eða fíkniefna við vinnu sína.
- Notendur báts skulu hafa viðeigandi réttindi og hlotið fullnægjandi þjálfun til stjórnunar á honum.

18. gr. Brot á varúðarreglum

- Tryggðum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í skilmála þessum eða á skírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar, sbr. 26. gr. vsl.
- Öðrum þeim sem með samþykki tryggðs nota og bera ábyrgð á bátnum, ber að fylgja sömu varúðarreglum.

19. gr. Upplýsingaskylda tryggingartaka

Félaginu er heimilt að skoða hið tryggða og umbúnað þess þegar félagið óskar.

20. gr. Vísitala

Tryggingarfjárhæðir og fjárhæðir sjálfsábyrgða í þessari tryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast þessar fjárhæðir því samkvæmt vísitölu neysluverðs við hverja endurnýjun þessarar tryggingar.

21. gr. Endurgreiðsla iðgjalds

- Félagið endurgreiðir iðgjald vegna uppsáturs fiskibáta sem notaðir eru í atvinnuskyni. Endurgreiðsla nemur 0,15% af ársiðgjaldi fyrir hvern dag sem báturinn er í sátri enda sé hann a.m.k. 20 samfellda daga í sátri. Inneign vegna endurgreiðslu skv. grein þessari kemur til endurgreiðslu með frádrætti á iðgjaldi fyrir næsta tryggingartímabil við endurnýjun tryggingarinnar. Endurgreiðsla getur mest orðið 20% af iðgjaldi.
- Skilyrði endurgreiðslu er að tryggingartímabil sé heilt ár og upplýsingum um uppsátur sé komið til félagsins innan við ári eftir að réttur til hennar stofnaðist.
- Tjón sem hafa orðið á tryggingartímabilinu skulu koma til frádráttar endurgreiðslu.

Skilmálar þessir gilda frá 01.10.2025